

Einelti

Skilgreining á einelti:

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Ábyrgð:

- Einelti kemur öllum við – það er samfélagslegt vandamál þar sem allir eru ábyrgir. Þess vegna er það siðferðileg skylda allra að láta vita um það ef þeir verða varir við að einhver sé lagður í einelti.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Fyrstu forvarnir byrja við upphaf skólagöngu t.d. með því að umsjónarkennari setji reglur í bekknum með nemendum gegn stríðni, ofbeldi og einelti. Kennarinn fræðir nemendur um einelti og margbreytileika þess um leið og hann leiðbeinir nemendum með það hvernig þeir geti komið í veg fyrir einelti.
- Umsjónarkennari hafi reglulega umræðu í umsjónarbekk sínum um líðan, samskipti og hegðun.
- Æskilegt er ef umsjónarkennari, í samvinnu við forráðamenn nemenda, setji reglur sem miði að því að engir séu hafðir útundan þegar aboðið er í smakomur eða afmæli innan bekkjar.
- Þjálfar þarf nemendur í að vinna í hóp og sýna hver öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi bæði í námi og leik.
- Skólastjóri skal sjá til þess að fræðsla um einelti sé á dagskrá í skólnaum svo oft sem þurfa þykir fyrir forráðamenn nemenda, eknanna og annað starfsfólk.
- Skólastjóri skal sjá til þess að gæsla sé virk í frímínútum, matarhléum, íþróttamiðstöð í skólaferðalögum og öðru frjálsum starfi á vegum skólans.

Hlutverk starfsmanna skólans:

- Hlutverk starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda og koma vitneskju um einelti sem allra fyrst til umsjónarkennara eða skólastjóra.

Hlutverk nemenda skólans:

- Að koma vitneskju um einelti til starfsmanna, umsjónarkennara, kennara eða stjórnenda.

Hlutverk foreldra:

- Að vera vakandi yfir líðan, námsgengi og félagslegri stöðu barna sinna.



